

Sp.

440. Fyrirspurnir.

[229. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um lausaskuldir bænda.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 29. apríl 1977 um athugun á nauðsyn þess að útvega veðdeild Búnaðarbankans aukafjármagn handa bændum til að breyta lausaskuldum í föst lán?

II. Til landbúnaðarráðherra um markaðsmál landbúnaðarins.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvernig er í meginatriðum háttað áformum íslenskra söluaðila um nýtt átak í markaðsleit fyrir íslenskt dillakjöt?
2. Hvaða réttir úr íslensku dillakjöti voru kynntir á „grænu vikunni“ í Berlín?
3. Hverjir eiga sæti í markaðsnefnd landbúnaðarins, er stofnað var til af Búnaðarþingi á s. l. ári?

III. Til samgöngumálaráðherra um símamál.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

1. Hvenær er áformað að koma á fót örbylgjusambandi frá Stykkishólmi til Ólafsvíkur?
2. Hvaða ráðstafanir þarf að gera til að tengja Dalahérað símasvæði Vesturlands, nr. 93?